

BORGARRÁÐ 25. október 2018: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um greiningar og sérkennsluþörf - R18080158

Sérkennslu skal veita börnum þegar greining á sérkennsluþörf liggur fyrir. Samkvæmt svari sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs við fyrirspurn er kostnaður vegna sérkennslu á leikskólastigi kr. 1.436.708 þús. árið 2017, (+ kostn.. skv. lið 1 í svari). Í svari er gefinn upp kostnaður beggja skólastiga, leik- og grunnskóla, vegna sérkennslu 2017 samtals kr. 3.616.349 þús. Kostnaður vegna grunnskóla 2018 er kr. 2.370.485 þús., en þá er ekki talinn með kostnaður vegna kennslu á sjúkrahúsum og í sérdeildum. Ætla má því kostnað vegna sérkennslu beggja skólastiga alls um 4,5 milljarða árið 2018. Hafa skal í huga að um 30% nemenda grunnskólans eru að jafnaði í sérkennslu. Er það ásættanlegur árangur að 30% drengja og 12% stúlkna geti ekki lesið sér að gagni við lok grunnskólans? (skv. tölum frá ráðuneyti). Spurningin er hvort sú sérkennsla eins og hún er sett upp í dag sé að nýtast börnum með fullnægjandi hætti? Spurt er: Liggja ávallt fyrir greiningar á sérkennsluþörf og vel grundaðar kennsluáætlanir áður en barn fer í sérkennslu?